

Aðalfundur foreldrafélags Sjálandsskóla veturinn 2008-2009

25. maí 2009

Fundurinn var haldinn í húsnæði Sjálandsskóla og byrjaði kl. 18.00

Mættir úr stjórn foreldrafélagsins: Guðrún Kristjánsdóttir, Berglind Víðisdóttir, Elma Vagnsdóttir, Elín Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðnason sem jafnframt er í skólaráði.

Fjarverandi af stjórn eru Einar Páll Tamini, Aníta Sigurbergsdóttir og Jóna Þorvaldsdóttir.

Fundargestir aðrir töldu um tíu manns. Helgi skólastjóri og Ólöf aðstoðarskólatjóri sátu fundinn.

Farið var lið fyrir lið í dagskrá fundarins

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Guðrún Kristjánsdóttir var fundarstjóri og fundarritari var Berglind Víðisdóttir.
2. **Skýrsla stjórnar** - Guðrún fer yfir helstu verkefni stjórnarinn í vetur og rætt er hvað betur má fara næsta vetur.
3. **Skýrslur nefnda.** Bekkjarfulltrúar frá Bekkjarfulltrúi 1.og 2.bekk og 3.- 4. bekk segja aðeins frá sínum reynslum af starfinu. Bekkjarfulltrúi 1.og 2. bekkjar segir frá sinni upplifun af því að vera bekkjarfulltrúi. Eru búin að vera með tvö bekkjarkvöld. Ætla að vera með annað fljótlega. Vinahóparnir gengu mjög misjafnlega. Umræður urðu um vinahópana. Rætt um að ef ekki allir foreldrar eru hlyntir þessu þá falli þetta dálítið um sjálft sig. Talað um að skerpa á því hvernig þetta er sett fram. Helgi ítrekar markmiðin með vinahópunum. Guðmundur ræddi um að þetta hefði forvarnargildi ekki síður þegar börnin eldast sbr foreldraröltið. Guðrún leggur til að á þessu verði tekið í haust þegar bekkjarfulltrúar hittast. Ýmsar tillögur ræddar. Bekkjarfulltrúi 3ja og 4. bekkjar ræddi um að vinahóparnir hjá þeim hefðu farið vel af stað en starfið hefði dottið mikið til niður eftir áramót.

Fram kom tillaga um að á næstu önn að hafa tvö bekkjarkvöld fyrir áramót og eitt eftir áramót. Það væri meiri áhugi og vilji hjá foreldrum fyrir áramót. Eftir áramót er fólk ekki eins gírað einná svona hluti. Einnig að þeir sem veljist sem bekkjarfulltrúar hafi virkilegan áhuga á því að sinna því starfi en taki þetta ekki bara að sér af skyldurækni. Rætt um að gera vinahópana einfalda og ýmis dæmi frá öðrum skólum rædd. Mætti jafnvel í haust skoða hvernig þetta er gert í öðrum skólum til að fá hugmyndir.

4. **Lagabreytingar** - Lagðar voru fram tillögur um breytingar á lögum foreldrafélagsins. 4.grein mun eftir breytingu hljóða að hluta til svona: *Stjórn*

félagsins skipa fimm foreldrar/forráðamenn. Í stjórn foreldrafélagsins skulu sitja tveir foreldrar/forráðamenn sem kosnir eru til setu í skólaráði til tveggja ára í senn auk þriggja annarra foreldra/forráðamanna sem kosnir skulu til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig að þeir stjórnarmenn sem ekki sitja í skólaráði skulu gegna embættum formanns, ritara og gjaldkera.

Breytingar á 6.grein varða aðalfund og mun hann því eftirleidis verða haldinn að hausti: *Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólaráð með minnst viku fyrirvara.*

Einnig var gerð breyting á verkefnum aðalfundar í samræmi við lagabreytinguna. Aðrar lagabreytingar voru orðalagsbreyting vegna þess sem áður hét foreldraráð heitir nú skólaráð og sú breyting að fulltrúaráð (bekkjarfulltrúar og foreldrafélag) skuli hittast að minnsta kosti tvisvar á ári en ekki þrisvar.

Þessar lagabreytingar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna með fyrirvara um að ekki berist athugasemdir allra næstu daga.. Næsti aðalfundur samþykktur að hausti 2010 (en ekki í haust þar sem svo stutt er í haustið).

5. **Reikningar lagðir fram til samþykkis.** Elín gjaldkeri félagsins leggur fram reikninga foreldrafélagsins til samþykkjar. Reksturinn stendur undir sér og á foreldrafélagið smá sjóð. Reikningar samþykktir.

6. **Kosnir fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins.** Berglind, Elma, Guðrún og Einar bjóða sig áfram til setu í foreldraráði. Óvíst er með Anítu og Jónu og reiknum við með að þær vilji sitja áfram þar sem þær hafa ekki óskað eftir að stíga út og eru á sínu fyrsta ári í stjórninni. Elín Guðmundsdóttir hættir í stjórn. Bryndís Björk fulltrúi frá 1.og 2 bekk lýsti yfir áhuga á að koma inni foreldrafélagið. Ákveðið er að stjórn skiptir með sér verkum í haust.Tillögur um fulltrúa í stjórn samþykktar.

7. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.** Sigrún Ómarsdóttir og Áslaug Guðmundsdóttir bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga fyrir næsta skólaár. Samþykkt einróma.

8. **Skýrsla foreldraráðs/skólaráðs.** Engin skýrsla barst frá foreldra/skólaráði. Helgi sagði frá frá því hvernig skólaráð starfar. Skólaráð tekur yfir hlutverk foreldraráðsins og vel það en er bakland þess foreldrafélagið.

Guðrún spyr hvert fara foreldrar ef þeir hafa kvörtun sem þeir ekki vilja fara með í stjórnendur skólans né kennara. Helgi sagði að ef það sé mál sem snúi að almennt að börnunum þá væri boðleiðin inní stjórn foreldrafélagsins sem síðar vísar í fulltrúa í skólaráði eða alla leið í grunnskólafulltrúa bæjarins.

9. **Kosning fulltrúa í skólaráð.** Einar Páll verður fulltrúi í skólaráði og verður annar fulltrúi valinn í haust á fyrsta fundi foreldrafél.
10. **Önnur mál.** Helgi ræddi innilegu skólans sem fram fer fyrstu vikuna í júní. Innilegan kemur inní tímabil sem er mataráskrift. Hann bar upp þá tillögu að athuga hvort skólamatur væri til í að sleppa hádegismat á fimmtudeginum þar sem börnin fara hvort eð er ferð (fjallgöngu) þann dag og fá þá frekar til að útvega okkur eitthvað hráefni á grillið um kvöldið. Þá þurfa þau börn sem ekki eru í skólamat að greiða fyrir sína máltíð. Helgi fékk fullt umboð fundarins til að kanna þetta. Stjórn skólans gengur í málið.

Rætt um foreldra til að manna gistingu á innilegunni. Guðrún sagði frá því að vel gengi að manna innilegu með foreldrum. Sent verður út póstur á morgun hvað vantar marga og hvaða verkefni.

Guðrún ræddi um að næsta ári verðum við að taka á rafrænu einelti.

Einar Sveinbjörnsson nefndi að helmingur af foreldrum á fundinum væru foreldrar barna úr áttunda bekk. Umræður sköpuðust um að Garðalundur væri ekki sem slík að þjóna tilgangi sínum sem félagsmiðstöð fyrir krakkana úr Sjúalandsskóla, krakkarnir hér í áttunda bekk finnist þau vera dálítið utangátta.. Margt hefði betur mátt fara í vetur sem skipulagt var af Garðalundi svo sem eins og árshátíðin. Fram kom að miðarnir á árshátíðina sem opin var krökkunum úr Sjúalandsskóla hefðu allir verið merktir Garðaskóla. Svo virðist sem félagsmiðstöðin sé dálítið miðuð við að hún sé eingöngu að þjóna Garðaskóla. Helgi segir frá því að það sé meðal annars ástæða þess að Gunnar sem er forstöðumaður Garðalunds sé kominn inní skólaráð Sjúalandsskóla, þe að hann viti hvað er að gerast hér í þessum skóla. Lykilatriði sé að börnunum sé sinnt í Garðalundi hvar svo sem þau eru í skóla í bænum. Einnig væri ráð að vekja áhuga krakkanna í Garðaskóla á því að koma hingað og hitta unglingana hér. Í verðandi áttunda á næsta ári eru skráð 22 börn sem er fjölgun frá því í fyrra.

Einar sagði frá því hvað foreldrar og nemendur hefðu gert margt skemmtilegt saman í vetur í skólanum og foreldrarnir því rekið hálfgerða félagsmiðstöð. Foreldrar hefðu gist í skólanum með krökkunum, horft hefði verið á myndir á kvöldin og nóttunni, farið í skiðaferð og fl . Fram kom að miklu máli skiptir að

ná foreldrunum inní skólann sérstaklega hjá unglíngunum. Nýbygging skólans komi til með að auka möguleika á því hvað hægt er að gera í skólanum.

Ólöf segir þetta hafi verið veturinn sem þau lærðu á.

Talað um að þetta frjálssa skólaval í Garðabæ valdi stundum erfiðleikum hjá krökkunum þar sem oft eru nokkur börn í sömu götu í sitthvorum skólanum. Frjálssa skólaval í Garðabæ hafi bæði kosti og galla fyrir börnin okkar.

Helgi endar fundinn á því að segja okkur frá nýbyggingunni sem opnuð verður í sumar og fengu foreldrar góða leiðsögn Helga um nýju álmuna sem svo sannarlega vekur hjá manni tilhlökkun og bjartsýni fyrir næsta skólaári.

Fundi slitið um kl. 20.30